

Mál nr. 354/2019**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á bifreiðastæði við Fells múla 2, Reykjavík, þann 23. ágúst 2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 4.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 1.11.2019, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf V2, dags 22.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið aftur á bak eftir bifreiðastæði við Fells múla 2. Í sömu andrá var B ekið aftur á bak úr stöðureit. Rákust þá saman vinstra afturhorn A og vinstra afturhorn B.

Í skýrslu, sem tekin var af ökumönnum á vettvangi, kvaðst ökumaður A hafa ekið aftur á bak eftir bifreiðastæðinu, ekki á mikilli ferð. Hann hafi séð ökumann B fara inn í bifreið sína og það næsta sem hann vissi er að B lenti á A. Í sömu skýrslu er haft eftir ökumanni B að hann hafi ekið aftur á bak út („out“) en ekki séð A í speglum bifreiðarinnar og taldi að A hafi lent í blindum punkti („blind spot“).

Í tölvubréfi 4. október 2019 kvað ökumaður A bifreið sína hafa verið kyrrstæða þegar árekstur varð þar sem kona hafi gengið í veg fyrir akstursleið hennar og hafi hann gefið konunni tíma til að fara sína leið. Vissi hann svo ekki fyrr en högg kom á A.

Álit.

B var ekið úr stöðureit inn á akleið sem A var ekið eftir. Bar ökumanni B við þessar kringumstæður að víkja fyrir A. Á því varð misbrestur og telst ökumaður B eiga meginsök á árekstrinum. Síðari frásögn ökumanns A um að A hafi verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð er í ósamræmi við það sem haft er eftir ökumanninum í vettvangsskýrslunni og hann hefur undirritað, né heldur á hún stoð í öðrum gögnum málsins. Við sakarmat verður ekki hjá því komist að leggja til grundvallar frásögn ökumanns sem fram kom í vettvangsskýrslunni. Samkvæmt því ók ökumaður A aftur á bak án þess að gæta nægilega að umferð í kringum sig. Á hann einnig nokkra sök, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en samkvæmt því ákvæði skal ökumaður, áður en hann ekur aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök þannig að ökumaður A beri 1/3 sakar og ökumaður B 2/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 26. nóvember 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.